

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. nóvember 2001

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum 137. mál.

Samtökum iðnaðarins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum.

Samtök iðnaðarins fagna því að ráðuneytið hafi farið í vinnu við að útbúa frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögunum vegna iðnráða. SI hafa bent á nauðsyn þess að gera iðnráðum kleift að starfa eða færa verkefni á hendur annarra aðila.

Samkvæmt drögum að frumvarpinu skal lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, láta af hendi meistarabréf að fenginni umsögn næsta iðnráðs eða iðnráðs Reykjavíkur, svo og iðnaðarleyfi.

Jafnframt er veitt heimild til þess að stofna iðnráð í sveitarfélögum með yfir 5.000 íbúa. Jafnframt er heimild veitt til að stofna eitt iðnráð fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélög sem fullnægja skilyrðum um íbúafjölda. Einnig segir að í iðnráðum skuli vera fulltrúar frá löggiltum iðngreinum og skulu þeir kosnir til 4-6 ára. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um kosningu til iðnráða og starfssvið þeirra.

Ekki verða gerðar neinar sérstakar athugasemdir við þessar breytingar á lögunum sem koma fram í frumvarpinu.

Almennt vilja SI taka fram að það skipti miklu máli um framtíð iðnráðanna að þau séu þannig skipuð að unnt sé að kalla saman og halda fundi í þeim. Þ.e. að þau séu ekki það fjölmenn að fundir séu ómarkvissir. Jafnframt að þeim sé gert kleift fjárhagslega að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin í lögum, sem eru mjög mikilvæg. Eðlilegt þykir að hluti gjaldtöku vegna útgáfu meistarabréfa renni í framtíðinni til iðnráða, sem til þessa hafa engan tekjustofn haft.

Með þessum athugasemdum styðja SI þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,
Samtök iðnaðarins


Ólafur Helgi Arnason.